

## Lá

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Í Lárplássi er nú ekki búið nema í **Mýrarhúsum** (1) og **Lárkoti** (2), en hin býlin, **Neðri-Lá** (3), sem var aðaljörðin (höfuðbólið), **Krókur** (4) og **Efri-Lá** (5), eru í eyði, þó stendur bær í Neðri-Lá.

Mýrarhús eru vestast og stendur bærinn á sjávarbakkanum (við vaðalinn) - næst fyrir austan er Neðri-Lá, stendur bærinn syðst í túni því, er því býli tilheyrir, nokkuð frá **Lárvaðli** (6). Þaðan í suðaustur og hærra upp í hlíðinni er eyðibýlið Krókur og suður frá Króki er Efri-Lá, en syðst og austast er Lárkot, vestan í **Staðarhálsi** (7).

Vestast í Mýrarhúsatúni er **Húsatún** (8), þar fyrir austan er **Fremritunga** (9), rennur lækur milli þessara túnhluta. Fyrir austan tunguna rennur lækur, austan við hann er kallaður **Reitur** (10), neðst í honum stendur bærinn (húsið). Syðst í túninu er **Syðritunga** (11). Milli hennar og Reitsins fellur lækur. Allir þessir nefndu lækir eru nafnlausir.

Vestast í túni Neðri-Lár, næst Mýrhúsatúninu, er völlum, sem **Tuttuguálnavöllur** (12) heitir. Fyrir ofan þann völlum liggur gata milli bæjanna. Fyrir ofan götuna er **Þórðarvöllur** (13). Fyrir sunnan Tuttuguálnavöllum gengur nes suður í vaðalinn. Það heitir **Hreggnes** (14), heitir svo upp að götu og gömlu bæjartóftunum. Fyrir ofan götuna heitir **Gerði** (15).

Sunnan við Hreggnes og Gerði rennur lækur, sem **Lárlækur** (16) heitir. Kemur hann ofan úr fjalli, **Stöðinni** (17). Fyrir sunnan lækinn, neðar, heitir **Fjósvöllur** (18) og fyrir ofan hann **Eiríksvöllur** (19). Fyrir neðan hann er stykki, sem heitir **Tröð** (20). Suður af henni við vaðalinn heitir **Tagl** (21). Fyrir sunnan þessa velli er lækur, í honum er pyttur, sem **Hvolpapyttur** (22) heitir. Sunnan til í Eiríksvelli voru kallaðar **Stóruþúfur** (23). Þar er nú bærinn. Suðaustur frá Eiríksvelli heitir **Forna-Lá** (24). Nær sá túnhluti að vaðlinum. Efst í þessum velli eru fornar rústir, líklega bæjartóftir. Suðaustan við þær eru aðrar rústir, sem kallaðar eru **Goðatóftir** (25), milli þeirra og bæjarrústanna er mjó en nokkuð djúp laut, sem heitir **Goðagangur** (26). Gengur hann neðan frá vaðli og upp fyrir

tóftirnar, en hverfur er kemur upp á sléttuna ofan við þær. Sunnar og neðar (18 metrum) er tóft og girðing, sem kölluð er **Bænhústóft** (27). Austnorður frá Lárkoti upp í Staðarhálsi er lítil klettaborg, sem heitir **Álfaborg** (28). Suðvestan undir henni er hvammur, sem **Hulduhvammur** (29) heitir.

Nyrzta horn Staðarinnar (hins forna **Brimlárhöfða** (30)) heitir **Staðarnef** (31). Nyrzta skriðan heitir **Urðargarður**, **Ytri-** (32), ræður hann merkjum milli Lárpláss og Krossness. Beitiland jarða í Lárplássi er óskipt. Fyrir vestan Mýrarhús, undir Stöðinni, sem er fjall einstakt, fyrir norðan Lárplássið; er það allstórt ummáls og er klettagirðing umhverfis það efst. Austan undir Stöðinni er **Krossnes** (33) (við Brimlárhöfða) og **Kvíabryggja** (34) nokkru ofar sama megin. Fyrir vestan Mýrarhús gengur hvolf inn í hlíðina, heitir það **Bugur** (35), fyrir framan hann gengur tangi út í **Lárós** (36) – heitir hann **Kró** (37). Á honum er hóll, sem **Króarhóll** (38) heitir. Upp undan tanganum eru klettur í hlíðinni, sem heita **Hrafnaklettur** (39). Fremst á nesinu heitir **Hellutá** (40), og nokkru ofar, við Lárós, er slétta, sem heitir **Hella** (41). Útstreymi Lárvaðals er um Lárós. Sunnan við ósinn er **Víkurrif** (42) eða nákvæmar **Oddatá** (43).

Fyrir austan við Hellutá eru klettur við sjóinn, inn í þá gengur bás, sem heitir **Nónkró** (44). Upp af klettunum eru dældir, sem heita **Hvammur** (45). Upp af þeim er barð, sem heitir **Hvammabarð** (46). Þaðan eru skriður upp að klettagirðingunni á norðurhorni fjallsins, eða Staðarnefinu, sem áður er nefnt.

Fyrir austan Lárplássið gengur tagl suður úr Stöðinni, er það kallað Staðarháls, lækkar hann suður eftir. Þar sem hann endar taka við láglandar mýrar milli vaðlanna, Lárvaðals að vestan og **Hálsvaðals** (47) að austan og er skammt þar á milli þeirra. Suðvestur af Staðarhálsi gengur breitt en stutt nes út í Lárvaðal, er það gróðurlítið og er kallað **Lárholt** (48). Flóinn þar austur af heitir **Lárkotsflói** (49). Nær hann upp að læk, sem **Leirulækur** (50) heitir. Fyrir vestan lækinn heitir **Kjálki** (51), nær hann upp að allvatnsmiklum læk, sem kemur sunnan úr **Lárdal** (52), lækur þessi heitir **Hólalækur** (53). Upp af mýrunum gengur allstór dalur suður í fjallið milli Mýrarhyrnu að austan og Skerðingsstaðafjalls að vestan. Dalur þessi er Lárdalur. Innarlega í dalnum er mjög stór hóll, sem kallaður er **Stórhóll** (54). Efst í eða innst í dalnum, þar sem Hólalækur fellur ofan, heita **Fossar** (55). Á vesturbrún dalsins, sunnarlega, er klettahnúkur er **Svartihnúkur** (56) heitir. Í **Mýrahyrnu** (57) vestanverðri, en austanvert í dalnum, er klettagil, sem **Þvergil** (58)

heitir. Á hyrnuþrúninni fyrir austan Þvergil er hnúkur, sem **Mávahnúkur** (59) heitir, austur af honum eru grasflesjur í klettunum, sem heita **Snasir** (60). Þar niður af í miðju berginu er tó, sem **Básutó** (61) heitir. Fyrir austan hana er hyrnuröndin, á henni upp undir toppi hyrnunar er klettur, sem **Nónsteinn** (62) heitir.

## Stafrófsskrá örnefna

Álfaborg 28	Mýrahyrna 57
Básutó 61	Mýrarhús 1
Brimlárhöfði 30	Neðri-Lá 3
Bugur 35	Nónkró 44
Bænhústóft 27	Nónsteinn 62
Efri-Lá 5	Oddatá 43
Eiríksvöllur 19	Reitur 10
Fjósavöllur 18	Snasir 60
Forna-Lá 24	Staðarháls 7
Fossar 55	Staðarnef 31
Fremritunga 9	Stórhóll 54
Gerði 15	Stóruþúfur 23
Goðagangur 26	Stöð 17
Goðatóftir 25	Svartihnúkur 56
Hálsvaðall 47	Syðritunga 11
Hella 41	Tagl 21
Hellutá 40	Tröð 20
Hólalækur 53	Tuttuguálnavöllur 12
Hrafnaklettur 39	Urðargarður, Ytri- 32
Hreggnes 14	Víkurrið 42
Hulduhvammur 29	Ytri-Urðargarður 32
Húsatún 8	Þórðarvöllur 13
Hvammabarð 46	Þvergil 58
Hvamar 45	
Hvolpapyttur 22	
Kjálki 51	
Krossnes 33	
Kró 37	
Króarhóll 38	
Krókur 4	
Kvíabryggja 34	
Lá, Efri- 5	
Lá, Forn- 24	
Lá, Neðri- 3	
Lárdalur 52	
Lárholt 48	
Lárkot 2	
Lárkotsflói 49	
Lárlækur 16	
Lárós 36	
Lárvaðall 6	
Leirilækur 50	
Mávahnúkur 59	